

7. BEKKUR 2014

ÍSLENSKA

Settu límmiðann
innan rammans

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI I

Nafn: _____

Bekkur: _____

Skóli: _____

- Merktu prófheftið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri eigi við þig.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn ☐, ekki fylla alveg í reitinn ☐.
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Lestu textann **Gríma galdrakerling** og svaraðu spurningunum.

Gríma galdrakerling sat og stytta sér stundir með því að raða púsluspili inn í stóran gylltan ramma. Henni gekk illa að fá myndhlutana til þess að passa saman. Hún hefði heldur kosið að fást við galdra og særingar. En það var svo skelfilega lítið að gera hjá henni eftir að galdrakerlingar glötuðu vinsældum í sögum og ævintýrum.

Kolsvörtu kvikindin hennar, kötturinn, hrafninn og köngullóin, fylgdust með.

„Ég get ómögulega séð hvað þetta á að vera!“ tautaði Gríma og horfði á ófullgerða myndina.

„Loftmynd af Nornafjalli?“ stakk hrafninn upp á.

„Ófreskja?“ datt kettnum í hug.

„Skápaskúm?“ var hugmynd köngullóarinnar.

„Hvernig datt þér það í hug?“ sagði Gríma og horfði illilega á köngullóna.

Köngullóin ræskti sig afsakandi og lét sig falla niður af borðinu í þræði sínum.

„Nei, það er ekkert af þessu,“ muldraði Gríma hugs. „Best gæti ég trúað henni Grettu til þess að hafa fíktað eitthvað við spilið.“

Púsluspilið var gjöf frá systur Grímu, galdrakerlingunni Grettu. Þær systur bjuggu hvor sínu megin við Nornafjall. Yfirleitt voru þær mestu mátar, en áttu það til að gera hvor annarri grikk.

Dagar liðu og loks var Gríma að ljúka við spilið. En henni til mikillar gremju þá vantaði síðasta stykkið! Gríma leitaði í hverjum krók og kima. Hún leitaði í skápum, kistum og koffortum. Kötturinn hjálpaði til og smaug undir borð og bekki. Hrafninn gægðist upp á hillur og hanabjálka. Köngullóin fór um hverja glufu, en hvergi fannst týndi myndhlutinn.

„Nú hætti ég að leita,“ dæsti Gríma. „Ég galdra það sem í vantar.“

Hún tók ögn af galdradufti, þeytti því yfir spilið og sagði: „Hvissum-hvass, rissum-rass, gerðu gott!“

En ekkert gerðist. Grímu brá í brún.

„Er ég að missa máttinn?“ tautaði hún. Hún fleygði nokkrum kornum á flugu sem skreið í gluggakistunni. Flugan breyttist umsvifalaust í krangalegan úlfalda. Hann komst engan veginn fyrir í gluggakistunni og brokkaði hrínandi út.

„Nei, það hrífur,“ tuldraði Gríma.

Hún var ekki alveg sannfærð, svo ef kettnum hefði ekki tekist að forða sér á bak við fataskáp, hefði hún eflaust breytt honum í mús. Þess í stað breyttist fataskápurinn í heljarmikla trumbu sem féll á gólfið með miklum hávaða.

„Ussu-sussu!“ andvarpaði Gríma og sneri sér aftur að púsluspilinu. „Hún systir mín hefur greinilega beitt göldrum á gjöfina. Það var henni líkt.“

Gríma þurfti ekki að fara í heimsókn til Grettu til þess að tala við hana. Hún tók stóra kökukrús ofan af hillu og bankaði í hana sjö sinnum. Þegar hún lyfti lokinu af, sá hún inn í hús Grettu. Þar sat Gretta og skellihló. „Hvernig gengur með púsluspilið, Gríma?“ spurði hún stríðnislega.

„Það vantar eitt stykkið, systir!“ Og af hverju er myndin svona óskýr? Hún er öll í móðu og mistri!“ kvartaði Gríma.

„Myndin sýnir allt sem þú átt, systir!“ ískraði í Grettu. „Hvað varðar það sem vantar, þá þarftu bara að fljúga hátt, líta lágt og finna smátt.“

Síðan varð allt svart í krúsinni. Gretta ætlaði ekki að segja meira.

„Árans nornin!“ sagði Gríma og skellti aftur lokinu. Hún hvessti augun út um gluggann, þar sem Nornafjallið blasti við og varði Grettu gegn kröftugu augnaráðinu. Skyndilega datt Grímu nokkuð í hug. Hvar myndi týnda stykkið vera annars staðar en á Nornafjalli? Gríma þreif kústin sinn, greip köttinn undir handlegginn og setti köngullóna upp á hattbarðið. Við hrafninn sagði hún: „Fljúgðu hátt!“ og þeysti af stað á kústinum. Þau svifu yfir fjallinu og lentu á hæsta tindinum.

„Líttu lágt!“ sagði Gríma við köttinn sem skimaði um kletta og klungur.

„Finndu smátt!“ skipaði hún köngullónni sem gægðist inn í gjóturnar. Og viti menn! Þarna lá stykkið úr púsluspílinu.

Heima í kofa Grímu settust þau öll kringum borðið. Gríma lét síðasta stykkið á sinn stað. Það féll í gatið með lágu smelli. Í einni svipan rann púsluspílið saman í slétta og fellda mynd! Þeirra eigin spegilmynd! Í speglinum sá Gríma sinn eigin undrunarsvip, stóreygan köttinn, gapandi hrafninn og stjarfa köngullóna. Og á bak við þau stóð einhver sem gretti sig og skellihló!

Hver skyldi það hafa verið?

(Áslaug Jónsdóttir, 1998, Sex ævintýri)

1. Hvers vegna var Gríma að raða púsluspíli?

- ☐₁ Hún hafði ekkert annað að gera.
- ☐₂ Hún hafði gaman af því.
- ☐₃ Hún var að bíða eftir að eitthvað gerðist.
- ☐₄ Hún þurfti að hvíla sig á göldrum.

2. Hvað má lesa úr viðbrögðum Grímu við hugmynd köngullóarinnar?

- ☐₁ Að allt sé hreint og fínt hjá Grímu.
- ☐₂ Að Gríma sé lítið fyrir að þrífa.
- ☐₃ Að Gríma skammist sín fyrir þrífín.
- ☐₄ Að Gríma ætlaði að fara að taka til.

3. „Yfirleitt voru þær mestu mátar.“ Þessi setning merkir að þær

- ☐₁ sáust mátulega oft.
- ☐₂ tefldu og mátuðu hvor aðra.
- ☐₃ voru oftast nær vinir.
- ☐₄ voru sjaldnast saman.

4. Hvers vegna forðaði úlfaldinn sér?

- ☐₁ Hann hræddist galdrakerlinguna.
- ☐₂ Honum fannst þröngt um sig.
- ☐₃ Til að hann yrði ekki aftur að flugu.
- ☐₄ Til að komast frá köngullónni.

5. Í hvað breyttist fataskápurinn?

- ☐₁ hljóðfæri
- ☐₂ lífveru
- ☐₃ matarílát
- ☐₄ verkfæri

6. Hvers vegna tókst Grímu ekki að ljúka við púslið?

- ☐₁ Gríma hafði misst galdramáttinn.
- ☐₂ Göldrum hafði verið beitt.
- ☐₃ Hjálparliðið gerði ekkert gagn.
- ☐₄ Köngullóin hafði falið eitt stykkið.

7. Þegar Gríma kláraði púslið blasti meðal annars við henni mynd af

- ☐₁ geispandi norn.
- ☐₂ hræddum hrafn.
- ☐₃ reiðri köngulló.
- ☐₄ undrandi ketti.

8. Textinn endar á spurningu. Svárið við henni er

- ☐₁ Gretta.
- ☐₂ Gríma.
- ☐₃ köngullóin.
- ☐₄ kötturinn.

9. Hvar er atburðurinn raðað í rétta tímaröð?

- A) Myndhlutinn fannst hvergi.
- B) Gretta skellihló.
- C) Gríma fór á kústinum.
- D) Fataskápurinn breyttist.

- ☐₁ ACBD
- ☐₂ ADBC
- ☐₃ DABC
- ☐₄ DBAC

10. Um hvað er sagan?

- ☐₁ ferðalag
- ☐₂ heimilislíf
- ☐₃ húsdýr
- ☐₄ stríðni

Málnotkun

11. Merktu við orðið sem er eins í nefnifalli og þolfalli.

- ☐₁ bátur
- ☐₂ bíll
- ☐₃ snekkja
- ☐₄ vagn

12. Það eru stundum mörg erfið ár í röð hjá landsliðinu. Hvaða orðflokki tilheyrir undirstrikaða orðið?

- ☐₁ lýsingarorðum
- ☐₂ nafnorðum
- ☐₃ sagnorðum
- ☐₄ engu af þessu

13. Hvert er samheiti orðsins dapur?

- ☐₁ næmur
- ☐₂ stúrin
- ☐₃ tregur
- ☐₄ varkár

14. Hvar er að finna tvö lýsingarorð?

- ☐₁ Geir átti misheppnað skot úr bláhorninu.
- ☐₂ Laxinn er afturmjór eftir heljartök ássins.
- ☐₃ Mér finnst rauðu vínberin betri.
- ☐₄ Vilborg sýndi fádæma áræðni á göngunni.

15. Merktu við setninguna sem byrjar á sérhljóða.

- ☐₁ Hvernig líður þér í fætinum?
- ☐₂ Karitas fór austur á Hérað í fyrra.
- ☐₃ Varstu búin að lesa bókina?
- ☐₄ Ævar tók próf í íslensku.

16. Hvar er að finna tvö fornöfn?

- ☐₁ Hann fór í sund með mér í gær.
- ☐₂ Hvar eru bækurnar þínar niðurkomnar?
- ☐₃ Þeir fara saman til veiða í sumar.
- ☐₄ Ætlar þú til útlanda í vor?

17. Í hvaða línu er nafnorð með greini?

- ☐₁ Ég bar út blöð í vetur.
- ☐₂ Hér er mikil þátttaka í skátastarfi.
- ☐₃ Í gær horfði ég á landsleik í fótbolta.
- ☐₄ Jónas fór alltaf í sveit á sumrin.

18. Menn eru ekki alltaf sammála.

Hvaða orðflokki tilheyrir undirstrikaða orðið?

- ☐₁ lýsingarorðum
- ☐₂ nafnorðum
- ☐₃ sagnorðum
- ☐₄ engu af þessu

19. Ég beið lengi í röð á vellinum.

Hvaða orðflokki tilheyrir undirstrikaða orðið?

- ☐₁ lýsingarorðum
- ☐₂ nafnorðum
- ☐₃ sagnorðum
- ☐₄ engu af þessu

20. Orðið gjóta getur verið bæði sagnorð og

- ☐₁ fornafn.
- ☐₂ lýsingarorð.
- ☐₃ nafnorð.
- ☐₄ smáorð.

⊥

21. Ég ætla úr jakkanum og hefjast handa. Ég verð að klára verkið innan klukkustundar. **Hvert undirstrikuðu orðanna er í þolfalli?**

- ☐₁ jakkanum
- ☐₂ handa
- ☐₃ verkið
- ☐₄ klukkustundar

22. Hvaða orð er gjarnan notað um vaxtarlag karla?

- ☐₁ afundinn
- ☐₂ háleitur
- ☐₃ sérstakur
- ☐₄ þrekinn

23. Ég vona að vindinn ____?____ með kvöldinu.

Hvaða orð ætti að vera í eyðunni?

- ☐₁ lagi
- ☐₂ lægi
- ☐₃ lægji
- ☐₄ læi

24. Hvert orðtakanna er úr sjómannamáli?

- ☐₁ Sjóðnum var komið á laggirnar fyrir löngu.
- ☐₂ Nú ertu að lofa upp í ermina á þér.
- ☐₃ Þetta verður þér þungur róður.
- ☐₄ Gunnar var þekktur fyrir að hafa mörg járn í eldinum.

25. Oft getum við fundið nafnorð sem svarar til sagnorðs t.d. að sigla – sigling. **Hvaða nafnorð svarar til sagnorðsins að spegla?**

- ☐₁ spegl
- ☐₂ spegli
- ☐₃ spegling
- ☐₄ speglun

⊥

26. Hvaða orð gefa okkur til kynna hvenær eitthvað á sér stað?

- ☐₁ lýsingarorð
- ☐₂ nafnorð
- ☐₃ sagnorð
- ☐₄ fornöfn

27. „Fáir eru smiðir í fyrsta sinn.“ **Hvaða málsháttur hefur svipaða merkingu?**

- ☐₁ Allir hanar hafa kambinn.
- ☐₂ Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni.
- ☐₃ Enginn verður óbarinn biskup.
- ☐₄ Ró skyldu menn reiði gefa.

28. Ásmundur sá Gretti í bæli sínu um morguninn. **Í hvaða falli er undirstrikaða orðið?**

- ☐₁ nefnifalli
- ☐₂ þolfalli
- ☐₃ þágufalli
- ☐₄ eignarfalli

29. Grettir sterki fór með föður Grettis sterka til veiða. **Hvað gæti komið í stað undirstrikuðu orðanna án þess að merking breytist?**

- ☐₁ fornafn
- ☐₂ lýsingarorð
- ☐₃ nafnorð
- ☐₄ smáorð

30. Hvaða málsgrein telst ekki gott mál?

- ☐₁ Ein milljón hefur safnast að öllu meðtöldu.
- ☐₂ Ekki hlæja að hundinum, hann er spéhræddur.
- ☐₃ Lögreglukonurnar leituðu af sér allan grun.
- ☐₄ Systur mínar leituðu sér af íbúð í haust.

Ritun

Skrifaðu sögu um myndina.

Mundu að notfæra þér allt sem þú hefur lært um ritun, til dæmis frágang, stafsetningu og atburðarás (upphaf, meginmál og endi).



└

└

└

Hér má
hvorki skrifa
né stimpla

Handwriting practice lines consisting of 18 horizontal lines.

autt

S/F

0

1

BE

0

1

2

MS

0

1

2

3

E

0

1

2

3

4

└

└

Stafsetning

Nú verður lesin æfing í stafsetningu. Skrifaðu orðin sem vantar í eyðurnar eftir upplestrinum. Hver málsgrein er auðkennd með bókstaf sem lesinn er upp á undan málsgreininni. Fyrst verður gert hlé eftir hverja eyðu þannig að þú hafir tíma til að skrifa orðin. Síðan verður málsgreinin lesin í heild. Loks verða allar málsgreinarnar lesnar aftur.

Hér má
hvorki skrifa
né stimpla

autt
☐

- A. Á _____ eru margir
_____ staðir.
- B. Í þetta _____ skoðum við það _____.
- C. Við ökum fyrst _____ til
_____.
- D. Þar í _____ munum við _____
_____ heim.
- E. Forfeður okkar _____ þaðan á miðin og
gera _____.
- F. Ef áfram er haldið ökum við _____
vegarkafli í _____ landslagi.
- G. Í _____ er líka hver veiðiáin á fætur
_____.
- H. Alls konar _____ má stunda úti í
_____.
- I. Er _____ til betra en að vera í góðum
_____ í _____ ?

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1 0 1
☐ ☐ / ☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1 0 1
☐ ☐ / ☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1
☐ ☐

0 1 0 1
☐ ☐ / ☐ ☐